



Útbreiðsla glókkolls á Vesturlandi

Menja von Schmalensee og Róbert A. Stefánsson

Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi




Inngangur


Glókkollur (*Regulus regulus*) er minnsti fugl Evrópu og heldur einkum til í barrskógum, þar sem hann étur ýmis smádyr eins og grenilýs og áttfætlumaúra [1]. Hann berst íðulega í einhverjum mæli til Íslands að haustlagi. Talið er að glókkollavarp hafi hafist hér á landi um 1996 eftir mestu glókkollagengd sem sögur fara af [2] og finnst fuglinn nú á ýmsum skógræktarsvæðum víða um land, sér í lagi á Fljótsdalshéraði, Suðvesturlandi og Mið-Norðurlandi.

Niðurstöður


Fyrstu tvö ár rannsóknarinnar fundust glókkollar allviða eða á tæplega helmingi athugunarstaða, þó sérstaklega í víðfeðmari og eldri skógunum á sunnanverðu svæðinu [4]. Veturinn 2004-5 virðist hins vegar sem stofninn hafi hrundi, líklega vegna fæðuskorts í kjölfar kuldakasts, svo glókkollar fundust aðeins á tveim stöðum vorin 2005 og 2006. Stofninn virðist svo hafa náð sér fljótt aftur á strik því árin 2008 og 2010 fannst glókkollur á um þriðjungi athugunarstaða (1. og 2. mynd).



1. mynd. Útbreiðsla glókkolls í vestlenskum skógum á árunum 2003-2010. Grænn depill tákna stað þar sem glókkollur fannst en rauður depill stað þar sem glókkolls var leitað en fannst ekki.



2. mynd. Hlutfall athugarsvæða þar sem glókkollur fannst eftir árum. Stofninn hrundi veturinn 2004-2005, sem einnig kom fram í öðrum rannsóknum (www.ni.is og óbirt gögn Náttúrufræðistofnunar Íslands). Þekktir sitkalúsarfaraldrar eru merktir með rauðum örvum. * = Engin athugun



3. mynd. Sveiflur í meðal dagshita í Staðholtsey í Borgarfirði árin 2003-2010 (Veðurstofa Íslands). Aðeins einn vetur fór meðal dagshiti vel niður fyrir -15°C en þann vetur hrundi glókkollastofninn.

Umræða og ályktanir

Með stækkandi barrskógum og hækkandi hitastigi [5] virðast glókkollar þola íslenskar aðstæður ágætlega flest ár en mjög kaldir vetrardagar geta verið þeim erfiðir, líklega einkum vegna hruns í stofnum sitkalúsar (*Elatobium abietinum*), sem er mikilvægasta fæðan en þó er illa ≥ 15 gráðu frost [6]. Kuldar virðast geta skýrt hrun glókkollastofnsins veturinn 2004-5 (3. mynd). Glókkollastofninn virðist eiga framtíð fyrir sér á Íslandi svo lengi sem vetrarhökur eru ekki miklar.



Allar ljósmyndir eru eftir Daníel Bergmann, www.danielbergmann.com

Heimildir

1. Cramp, S., (ritstj.) 1992. The Birds of the Western Palearctic. 6. útg. Oxford University Press.
2. Gunnlaugur Pétursson & Gunnlaugur Þrúnsson. 1997. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1995. Bláki 18. 23-50.
3. Arnór Snorrason, Tumi Traustason, Stefán Freyr Einarsson & Fanney Dagmar Baldursdóttir. 2001. Landsúttekt á skógræktarskiptum. Afangaskýrsla 1997-2001 fyrir Vesturland. Rit Mögilsár nr. 5.
4. Róbert A. Stefánsson & Sigrún Bjarnadóttir. 2005. Útbreiðsla glókkolls á Vesturlandi. Bláki 26. 5-10.
5. Halldór Björnsson, Arny E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Danielsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gisli Vigdósson, Jóhann Sigurðsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir & Trausti Jónsson. 2008. Hnattrénafræðingur og áhrif þeirra á Íslandi - skýrsla vísindarnefndar um loftslagsbreytingar. Umhverfissáðuneytið.
6. Guðmundur Halldórsson, Docherty, M., Edda Sigurds Oddsdóttir & Day, K.R. 2001. The performance of different populations of the green spruce aphid (*Elatobium abietinum* Walker) at different temperatures. Búvísindi (Icel. Agr.Sci.) 14. 75-84.

Aðferðir

Útbreiðsla glókkolls var könnuð í vestlenskum skógum frá Hvalfirði í suðri til Gilsfjarðar í norðri með skipulegum hætti í apríl og maí hvert vor árin 2003-2006 og eftir það annað hvert vor, þ.e. 2008 og 2010. Heimsóttir voru allir skógræktarlundir sem innihéldu meira en 90 fermetra af sitkagreni (*Picea sitchensis*) samkvæmt úttekt á skógræktarskiptum á Vesturlandi, alls 26 staðir [3]. Að auki voru heimsóttir fleiri staðir sem ekki voru á þessum lista en þóttu vera möguleg búsvæði fyrir glókkoll. Á hverjum stað var spilaður söngur glókkolls, sem laðar að sér ódalsbundna fugla, sérstaklega karlfugla sem reyna að skáka þessum nýja „keppinaut“. Um er að ræða einu skipulegu íslensku úttektina á útbreiðslu tegundarinnar til þessa [4].